

## Algert trúnaðarmál

Framkvæmdaneftnd um einkavæðingu,  
bt. Ólafs Davíðssonar, formanns,  
Forsætisráðuneytinu,  
Við Lækjartorg,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. september 2002

Í bréfi frá framkvæmdaneftnd um einkavæðingu, dags. 28. ágúst sl., sem stílað var á Björgólf Thor Björgólfsson, Magnús Þorsteinsson og Björgólf Guðmundsson vegna áhuga þeirra á að kaupa kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf. lagði nefndin áherslu á að fá skýr svör við nokkrum spurningum er vörðuð; fyrirkomulag eignarhalds, stærð eignarhlutar, fjármögnun og framtíðarsýn. Tilgangur þessa bréfs er að svara þeim spurningum.

Svör við spurningunum eru í þeim fjórum flokkum sem framkvæmdaneftnd um einkavæðingu setti fram í bréfi sínu. Hluta af þeim spurningum sem framkvæmdaneftnd um einkavæðingu setur fram var svarað í bréfi til nefndarinnar þann 27. júní sl. Ber því að skoða það bréf sem hluta af svari þessu eftir því sem vitnað er til.

### Fyrirkomulag eignarhalds

Eins og fram kom í bréfi til framkvæmdaneftndar um einkavæðingu, dags. þann 27. júní, mun eignarhaldsfélag í eigu Björgólfss Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfss Guðmundssonar vera kaupandi að kjölfestuhlut í bankanum, hér eftir nefnt kjölfestufárfestir. Um verður að ræða íslenskt eignarhaldsfélag sem verður í 50% eigu Björgólfss Thors Björgólfssonar, 17% eigu Magnúsar Þorsteinssonar og 33% eigu Björgólfss Guðmundssonar. Ekki er um fleiri eignaraðila að ræða.

Björgólfur Thor Björgólfsson og Björgólfur Guðmundsson eru kjölfestufárfestar í almenningshlutafélaginu Pharmaco hf., sem skráð er í Kauphöll Íslands. Þeir eiga báðir sæti í stjórn félagsins, Björgólfur Thor sem stjórnarformaður, og þannig tekið virkan þátt í að móta stefnu og starfsemi félagsins. Frá því að þeir keyptu eignarhlut sinn í Pharmaco hf. og töku sæti í stjórn hefur starfsemi félagsins breyst verulega þar sem megináhersla hefur verið á vöxt á erlendum mörkuðum. Þetta hefur tekist vel og hefur gengi hlutabréfa í Pharmaco hf. margfaldast á síðustu árum öllum hluthöfum til góða. Með samruna Pharmaco við Delta hf. verður til stærsta fyrirtæki landsins með yfir 95% af heildartekjum erlendis frá. Björgólfur Thor og Björgólfur Guðmundsson hafa þannig í gegnum stjórnarsetu sína myndað stefnu fyrir félagið og síðan hefur forstjóri Pharmaco séð um að framfylgja þeirri stefnu. Hlutverk kjölfestufárfestis í Landsbanka Íslands hf. verður með sama hætti, þ.e. að móta ákveðna stefnu í bankaráði sem bankastjóra verður síðan falið að framfylgja. Björgólfur Thor Björgólfsson, Magnús Þorsteinsson og Björgólfur Guðmundsson hafa í gegnum viðskipti sín erlendis komið á tengslum við nokkur af stærri fjármálfyrirtækjum heims; banka, verðbréfafyrirtæki og fjárfestingasjóði, og munu þeir fyrir utan setu í bankaráði kanna hvort ekki megi virkja þessi sambönd með þeim hætti að Landsbanka Íslands hf. verði boðið að taka þátt í verkefnum sem þessi fjármálfyrirtæki eru að vinna að hverju sinni.

Björgólfur Thor Björgólfsson, Magnús Þorsteinsson og Björgólfur Guðmundsson hafa ekki tekið ákvörðun um hvort þeir muni allir óska eftir sæti í bankaráði eða með hvaða hætti þeir muni beita sér fyrir að bankaráð verði samsett. Hugsanlegt er að erlendir sérfraeðingar verði fulltrúar kjölfestufárfestis í bankaráði. Afskipti af stjórnun bankans munu eingöngu vera í gegnum bankaráð, líkt og afskipti íslenska ríkisins hafa verið til þessa.

### Stærð eignarhlutar

Eins og fram kom í bréfi, frá 27. júní sl., óskar kjölfestufjárfestir eftir að kaupa 33,3% af heildarhlutafé Landsbanka Íslands hf. Eftir almennt útboð sem fram fór á 20% eignarhlut í bankanum, þann 14. júní, er eignarhald í bankanum orðið mjög dreift. Það er mat kjölfestufjárfestis að nauðsyn sé að hafa einn stóran kjölfestufjárfesti í bankanum sem hefur alþjóðlega þekkingu og reynslu á svíði banka- og fjármálastarfsemi. Hlutverk þessa aðila er að efla Landsbanka Íslands hf. enn frekar, bæði innanlands og erlendis, þannig að bankinn verði ávallt samkeppnisfær við aðrar fjármálastofnanir og geti boðið viðskiptavinum sínum góða þjónustu á góðum kjörum.

Þar fyrir utan var í bréfi, frá 27. júní sl., gerð sú forsenda að kjölfestufjárfestir fengi kauprétt að 10,0% af heildarhlutafé Landsbanka Íslands hf. í 24 mánuði frá undirritun kaupsamnings og myndi kaupgengi þess hlutafjár taká mið af umsömdu sölugengi hlutabréfanna að viðbættum 15% vöxtum p.a. Vegna þeirra vaxtalækkana sem verið hafa hérlandis frá því að fyrst kom fram áhugi á að kaupa kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf. auk þess sem gert er ráð fyrir frekari vaxtalækjunum er gerð sú forsenda að miðað sé við stýrivexti Seðlabanka Íslands í kaupréttinum í stað fastra vaxta.

Vegna þess tíma sem liðinn er frá bréfi kjölfestufjárfestis, þann 27. júní sl., er einnig gerð forsenda um að auka kauprétt um 2,5%, þ.e. úr 10,0% í 12,5%, og mun kjölfestufjárfestir leitast við að selja erlendum banka þann hlut. Slíkt myndi styrkja álit erlendra aðila á íslensku fjármálaumhverfi þar sem útlendingar hafa til þessa ekki haft áhuga á fjárfestingum í bankastarfsemi hérlandis. Þessi hluti væri án vaxtakostnaðar þar sem horft væri á mismuninn á kaupgengi kaupréttarins og söluverði hans til erlends banka sem þóknun kjölfestufjárfestis fyrir að annast milligöngu um sölu á hlutnum. Í samningum sínum um sölu á eignarhlut í VÍS samdi Landsbanki Íslands hf. um sölurétt á bréfum og var sá réttur án alls vaxtaálags. Því væri slíkt eðlileg forsenda kjölfestufjárfestis í þessu tilviki. Einnig var sú þóknun sem HSBC hafði samið um vegna sölu til erlendra aðila mun hærri.

### Fjármögnun

Kjölfestufjárfestir mun staðgreiða hlutabréfin með þeim hætti sem fram kemur í bréfi framkvæmdanefnar um einkavæðingu, þ.e. að kaupverð verði að fullu greitt innan tveggja mánaða frá undirritun kaupsamnings. Björgólfur Thor Björgólfsson, Magnús Þorsteinsson og Björgólfur Guðmundsson voru meirihlutaigendur í rússnesku bjórverksmiðjunni Bravo, sem sold var hollenska bjórrisanum Heineken í febrúar á þessu ári. Í fréttatilkynningu samfara sölunni kom fram að heildarsamningurinn var metinn á um \$400 milljónir. Hluta af þeim fjármunum sem þeir fengu í sinn hlut vegna sölunnar verður ráðstafað sem eiginfjárfram lagi inn í íslenska eignarhaldsfélagið. Gert er ráð fyrir að eiginfjárframlag íslenska eignarhaldsfélagsins verði amk. 30% og verður það greitt inn í reiðufé. Eiginfjárfram lagið liggar í dag hjá erlendu verðbréfafyrirtæki.

Samið verði við lánastofnanir um fjármögnun á þeim 70% sem út af standa. Viðræður hafa staðið yfir við breskt fjármálfyrirtæki, sem sérhæfir sig í kaupum af þessu tagi, um að annast fjármögnun. Viðræður voru langt á veg komnar, en vegna óvissu um með hvaða hætti einkavæðingaferlinu yrði háttar að var ákveðið af kjölfestufjárfesti að slá viðræðum tímabundið á frest. Ekki er ráðgert að hefja viðræður aftur fyrir en ljóst liggar fyrir hvort kjölfestufjárfestir verði valinn til frekari viðræðna af hálfu framkvæmdanefnar um einkavæðingu.

Allt það hlutafé sem eignarhaldsfélagið mun kaupa í Landsbanka Íslands hf. mun standa til handveðs tryggingar á þeim lánum sem koma til með að hvíla á féluginu. Til viðbótar við þær tryggingar er gert ráð fyrir að frekari veð verði veitt í erlendum bankareikningum eða í hlutabréfum í Pharmaco hf. Eignarhlutur eignarhaldsfélaga í eigu þeirra aðila sem standa að baki kjölfestufjárfestis í Pharmaco hf. er um 14,0 milljarðar miðað við gengi á hlutabréfum félagsins í Kauphöll Íslands. Eignarhaldsfélag Björgólfss Thors Björgólfssonar og Björgólfss Guðmundssonar heitir Amber International Ltd. og er eignarhlutur þess félags 164.813.891 kr. að nafnverði. Eignarhald Magnúsar Þorsteinssonar er í gegnum tvö eignarhaldsfélög hans, sem skráð eru í gegnum Búnaðarbíankann Lúxemborg, 18.437.894 kr. að nafnverði, og Kauphing Lúxemborg, 10.700.000 kr. að nafnverði. Eiginfjárlutfall þessara fyrirtækja er um 95%. Öll hlutföll bankastofnana hérlandis um að veðhlutfall ef um handveð í hlutabréfum er um að ræða verða því uppfyllt að fullu.

### Framtíðarsýn

Stefna Landsbanka Íslands hf. í dag er að “*vera besta íslenska fjármálaþyrirtækið sem veitir viðskiptavinum sínum traust og framúrskarandi þjónustu í alþjóðlegu umhverfi:*” Kjölfestufjárfestir hyggst ekki gera breytingar á þessari stefnu bankans, en mun þó bæta við “*Landsbanki Íslands hf. stefnir að því að hámarka arðsemi eigin fjár og vera áhugaverður fjárfestingarkostur:*” Það er mat kjölfestufjárfestis að þessi þáttur sé lykill í því að bankinn geti til lengri tíma verið samkeppnisfær í því starfsumhverfi sem hann starfar við.

Stærri bankar fá betri lánskjör sem aftur er forsenda þess að unnt sé að bjóða viðskiptavinum hagstæð kjör. Því er mikilvægt fyrir Landsbanka Íslands hf. að leggja aukna áherslu á vöxt, bæði innri vöxt og ytri vöxt, þar sem stærðarhagkvæmni er einn af veigamestu þáttum í starfsemi fjármálastofnana. Kjölfestufjárfestir mun í þessum tilgangi leggja mikla áherslu að auka vægi fyrirtækjajþjónustu bankans. Kjölfestufjárfestir mun einnig beita sér fyrir því að Landsbanki Íslands hf. hafi ávallt yfir að skipa hæfu starfsfólk sem sé vel þjálfad og geti sýnt frumkvæði í starfi, en um leið fagleg og öguð vinnubrögð. Hæft starfsfólk er forsenda þess að bankinn muni geta staðist samkeppni frá keppinautum í þeirri alþjóðavæðingu sem hann stendur frammi fyrir.

Kjölfestufjárfestir mun einnig leggja mikla áherslu á að stækka bankann með ytri vexti og verður í þeim tilgangi horft á innlendar fjármálastofnanir auk erlendra með mögulegan samruna eða yfirtökur í huga. Hvor leiðin sem verður farin er gert ráð fyrir að hlutur kjölfestufjárfestis í bankanum minnki hlutfallslega þar sem stærri eining hefur slíkt í för með sér. Í ljósi þess að Kaupþing banki hf. hefur gert yfirtökutilboð í sánska bankann JP Nordiska hefur umhverfi banka hérlandis breyst þar sem alþjóðleg samkeppni hefur aukist og markaðssvæði stækkað. Landsbanki Íslands hf. hefur góða reynslu af kaupum á erlendum banka, Heritable Bank í Englandi, og mun kjölfestufjárfestir beita sér fyrir að bankaráð leggja áherslu á frekari vöxt á erlendum mörkuðum. Sérstaklega verður horft til frekari uppbyggingar í London þar sem öflugustu fjármálamarkaðir Evrópu eru staðsettir.

Eins og kom fram á fundi með framkvæmdaneftir um einkavæðingu, þann 23. ágúst sl., er framtíðarsýn í eðli sínu sibreytilegur þáttur sem mótað af ytra umhverfi hverju sinni. Kjölfestufjárfestir gerir því ráð fyrir því að ef hann verði valinn af framkvæmdaneftir um einkavæðingu til að ganga til samninga um kaup á kjölfestuhlut í bankanum kunni framtíðarsýn að breytast eitthvað. Grunnþættirnir munu hins vegar að öllum líkindum ekki breytast, en það er að kjölfestufjárfestir mun legga megináherslu á vöxt, hvort heldur er með samruna, yfirtöku eða aukinni áherslu á fyrirtækjajþjónustu. Eingöngu þannig er að mati kjölfestufjárfestis hægt að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði og bjóða betri og ódýrari þjónustu íslensku efnahagslífi til góða.

### Forsendur að hálfu kjölfestufjárfestis

Í bréfi sínu til framkvæmdaneftir um einkavæðingu, dags. 27. júní sl., gerði kjölfestufjárfestir grein fyrir þeim forsendum sem liggja að baki kaupáhuga hans á 33,3% eignarhlut í Landsbanka Íslands hf. Allar þær forsendur sem þar voru settar fram eru enn í fullu gildi, nema hvað forsenda um vaxtaálag á kauprétti hefur breyst og kaupréttur nær nú til 12,5% af heildarhlutafé bankans, eins og greint hefur verið frá að framan.

Til viðbótar gerir kjölfestufjárfestir það að forsendum fyrir kaupum á kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf.:

1. Að kjölfestufjárfestir útilokar ekki þáttöku í kaupum á kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. með því að kaupa kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf.
2. Að þeir aðilar sem kaupa kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skrifa jafnframt undir yfirlýsingum um að hluturinn verði ekki seldur innan tveggja ára frá því að kaupsamningur er undirritaður. Jafnframt verði bönkunum ekki heimilt að sameinast Íslandsbanka hf. Til tryggingar að slíkur samruni verði ekki mun kjölfestufjárfestum í báðum bönkunum gert að leggja 15% markaðsverðs í hvorum banka fyrir sig inn á bundinn reikning í þeim banka sem þeir fjárfesta ekki í sem kemur ekki til útgreiðslu fyrir en að tveimur árum liðnum að þessu skilyrði uppfylltu.

**Algert trúnaðarmál**

3. Að Ríkið og stofnanir ríkisins, sem eru í viðskiptum við Landsbanka Íslands hf. í dag, minnki ekki viðskipti sín við bankann næstu 24 mánuði.

Virðingarfyllst,

Björgólfur Thor Björgólfsson

Magnús Þorsteinsson

Björgólfur Guðmundsson